

17

# Útvarps tíðindi

1. tölubl. 1947  
Jan. 10. árg.  
Verð kr. 1.50



Reykjavík úr lofti. (Ljósmynd: Þorst. Jósefsson).



# DAGSKRÁIN

VIKAN 26. JAN. — 1. FEBR.

SUNNUDAGUR 26. JANÚAR.

- 11.00 Morguntónleikar (plötur):  
 a) Cellokonsert í D-dúr eftir Haydn.  
 b) Symfónía í B-dúr eftir Mozart.
- 14.00 Messa í Frikirkjunni (séra Árni Sigurðsson).
- 15.15—16.25 Miðdegistónleikar (plötur):  
 a) Í persneskum garði eftir Liza Lehmann.  
 b) 15.55 Lítill sónata eftir Debussy  
 c) 16.10 Danssýningarlög eftir Berners.
- 18.30 Barnatími.
- 19.25 Tónleikar: Lagaflokkur eftir Mozart.
- 20.20 Samleikur á fiðlu og píanó (Þórarinn Guðmundsson og Fritz Weishappel): Sónata í F-dúr eftir Kücken.
- 20.35 Kvöld Kvenréttindafélags Íslands. — 40 ára afmæli. — Upplestur og tónleikar. — Samfelld dagskrá.
- 22.05 Danslög til 23.00.

MÁNUDAGUR 27. JANÚAR.

- 20.30 Erindi: Vetrarvertíðin (Hafsteinn Bergþórsson framkvæmdastjóri).
- 20.50 Lög leikin á Hawaii-gítar (plötur)
- 21.00 Um daginn og veginn (Klemenž Tryggvason hagfræðingur).
- 21.20 Útvarpshljómsveitin: Frönsk alþýðulög. — Einsöngur (frú Björg Guðnadóttir):  
 a) Handan harms og tára (V. v. Urbantschitsch).  
 b) Mun það senn (sami).  
 c) Hvar er blærinn, sem þaut í gær (Áskell Snorrason).  
 d) Fornir söngvar lifa (Björgvin Guðmundsson).  
 e) Ég sé í anda (sami).

21.50 Lög leikin á harpsikord (plötur).

ÞRIÐJUDAGUR 28. JANÚAR:

20.55 Tónleikar Tónlistarskólans: Ein-

leikur á píanó (Lanzky Otto).

- 20.45 Erindi: Saga Færeyja, III (Vilhjálmur P. Gíslason).
- 21.15 Smásaga vikunnar: „Háleggur“ eftir Þorgils gjallanda (Þorsteinn Ö. Stephensen).
- 21.45 Spurningar og svör um íslenskt mál (Bjarni Vilhjálmsson).
- 22.05 Djassþáttur (Jón M. Arnason).
- 23.00 Dagskrárlok.

MÍÐVIKUDAGUR 29. JANÚAR.

20.30 Kvöldvaka:

- a) Bernharð Stefánsson alþingismaður: Æskuheimili Jónasar Hallgrímssonar. — Erindi.
- b) Kvæði kvöldvökunnar.
- c) Óskar Clausen: „Íslenskan ein hæfir Íslendingum!“ (frá Stefáni Gunnlaugssyni landfógeta, síðara erindi).
- d) Áttmenningarnir syngja.

FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR.

- 20.20 Útvarpshljómsveitin (Þórarinn Guðmundsson stjórnar):  
 a) Hyde1Park-svítan eftir Jalfóvicz.  
 b) Vals eftir Oscar Strauss.  
 c) Mars eftir Grit.
- 20.45 Lestur fornrita: Þættir úr Sturlungu (H. Hjv.).
- 21.15 Dagskrá.kvenna.
- 21.40 Frá útlöndum (Axel Thorsteinss.).

FÖSTUDAGUR 31. JANÚAR.

- 20.30 Útvarpssagan: „Í stórræðum vorhugans“ eftir Jonas Lie, XIII (séra Sigurður Einarsson).
- 21.00 Ljóðþáttur (Andrés Björnsson).
- 21.20 Erindi: 150 ára afmæli Schuberts (Baldur Andrésson).
- 21.40 Tónleikar: Söngvar eftir Schubert (plötur).
- 22.05 Symfóniutónleikar (plötur): Symfónísk tónverk eftir Schubert.

LAUGARDAGUR 1. FEBRÚAR.

- 20.30 Leikrit: Gamanþáttur eftir Harald Á. Sigurðsson.
- 21.00 Ljóðskáldakvöld. — Upplestur og tónleikar.
- 22.05 Danslög (plötur).
- 24.00 Dagskrárlok.





koma út hálfsmánaðarlega.  
Argangurinn kostar kr. 25.00 og greiðist fyrirfram. — Uppsögn er bundin við áramót. — Afgreiðsla Brávallagötu 50. Sími 5046. Heimasími afgreiðslu 5441. Póstbox 907.

Útgefandi: H.f. Hlustandinn.  
Prentað í Ísafoldarprentsmiðju h.f. Ritstj. og ábyrgðarmenn: Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, Brávallagötu 50, sími 4903, og Þorsteinn Jósepsson, Grettisgötu 86.

## Um áramótin

RITSTJÓRAR og útgefendur Útvarpstiðinda óska öllum lesendum gleðilegs árs og þakka þeim ánægjulegt samstarf á liðna árinu. — Útvarpstiðindi munu á þessu ári koma til ykkar í sama búningi og síðast liðið ár og flytja líkt efni. Var þessa að nokkru getið áður. Aðeins eitt hefti kemur í þessum mánuði, en síðan tvö í mánuði, þar til prentarar fá frí í sumar, en þá verður nokkurt hlé á útgáfunni nokkurn tíma eins og í sumar. Á síðast liðnu ári voru gefin út 22 hefti, eða 528 blaðsíður, og mun það einnig verða gert í ár. Verð ritsins helzt óbreytt, og er það hægt vegna aukinnar útbreiðslu, en prentun og pappír hafa enn hækkað í verði. Verður maður nú að vona,

að dýrtíðin hafi náð hámarki, svo að hvorki Útvarpstiðindi né annað þurfi að hækka meira. Nóg er sannarlega orðið.

— — —  
Eins og þið minnst skrifaði ég í þennan dálk í nóvember grein er nefndist „Nú er það svart“. Voru í greininni birt ummæli eftir Helga Hjörvar um erfiðleika á því að útvega fólk til að starfa fyrir útvarpið í ýmsum greinum, og sérstaklega þó um þáttinn „Lög og létt hjál“. — Nú vill skrifstofustjórinn ekki kannast við það, að orð hans hafi fallið eins og ég birti þau, og má vel vera, að þau hafi eitthvað skolazt, þó að það hafi ekki verið að vilja minum að rangfæra orð hans. Ég skildi þau eins og þau birtust, þegar samtalið fór fram í síma. Mér láðist að lesa ummælin fyrir skrifstofustjóranum eftir að ég hafði skrifað viðtalið, en það er nauðsynlegt að gera, til þess að fyrirbyggja misskilning. Ég vil hvorki hafa eftir röng ummæli frá Helga Hjörvar eða neinum öðrum manni. Þess vegna bið ég Hjörvar forláts á þessum mistökum, og vona að þetta komi ekki oftár fyrir. En hvað sem þessu liður, hefur nú þátturinn „Lög og létt hjál“ verið látinn niður falla í allan vetur, og er ástæðan sú, að ekki var hægt að fá ungt fólk til að sjá um þáttinn. Nýlega hefur hins vegar verið tekinn upp nýr þáttur með jazzlögum, og sér Jón Múli um hann. Þessi þáttur mun aldrei verða eins vinsæll og hinn, enda alls ekki hægt að segja, að hann komi í staðinn fyrir hann. — Þetta hefur mælt mjög illa fyrir meðal útvarpshlustenda, enda sjást



þess merki í „Röddum hlustenda“, en við þessu verður ekki gert, a. m. k. ekki fyrst um sinn.

Þegar maður lítur til baka yfir síðustu tvo mánuði, þá minnst maður ekki margs úr dagskránni, sem skarað hefur fram úr eða skilið eftir góðar minningar. Ég man aðeins einn dagskrárlið, sem ég tel eitt hið bezta, sem ég hef nokkru sinni hlustað á í útvarp, lestur Sólarljóða um jólin undir stjórn og með skýringum Einars Ólafs Sveinssonar prófessors. Efnið sjálft var fullkomið og allur flutningur eins og bezt verður á kosið, skýringar og formáli prófessorsins og flutningur upplesaranna. Efast ég um, að nokkru sinni hafi verið fluttur í útvarpið dagskrárliður með eins fögrum og góðum blæbrigðum. Það var eins og hátíðin sjálf fylltist nýjum ómi við þennan lið. — Þá má og segja, að erindi sumra jólagestanna hafi skilið eftir góðar minningar, sérstaklega munu mönnum verða minnisstæð ummæli Vestur-Íslendingsins Hjálmars Gíslasonar, hvort sem menn hafa verið sammála þeim að öllu leyti eða ekki. — Þá mun og maður minnst nokkurra leikrita, sem flutt hafa verið, ekki aðeins Ævintýri á gönguför, sem alltaf nýtur nokkurra vinsælda fyrir gleði og gáska þess, heldur fyrst og fremst útvarpsins á þremur leikpáttum úr Nýársnóttinni, Fjalla-Eyvindi og Gullna hliðinu af tilefni hálftrar aldar afmælis Leikfélagsins. Annars hefur verið nokkur deyfð yfir leikritaflutningum í vetur. Þá ber að geta stærsta viðburðarins í tónlistinni, Tónamessu Bachs, sem flutt var undir stjórn Páls Ísólfssonar.

## RÍKISÚTVARPIÐ

Takmark Ríkisútvarpsins og ætlunarverk er að ná til allra þegna landsins með hverskonar fræðslu og skemmtun, sem því er unnt að veita.

### AÐALSKRIFSTOFA ÚTVARPSINS

annast um afgreiðslu, fjárhald, útborganir, samningagerðir o. s. frv. — Útvarpsstjóri er venjulega til viðtals kl. 2—4 síðd. Sími skrifstofunnar er 4993. Sími útvarpsstjóra er 4990.

### INNHEIMTU AFNOTAGJALDA

annast sérstök skrifstofa. — Sími 4998

### ÚTVARPSRÁÐIÐ

(Dagskrástjórnin) hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi og velur útvarpsefni. Skrifstofan er opin til viðtals og afgreiðslu frá kl. 2—4 síðd. Sími 4991.

### FRÉTTASTOFAN

annast um fréttasöfnun innanlands og frá útlöndum. — Fréttaritarar eru í hverju héraði og kaupstað landsins. Sími fréttastofu 4994. Sími fréttastjóra 4845.

### AUGLÝSINGAR

Útvarpið flytur auglýsingar og tilkynningar til landsmanna með skjótum og áhrifamiklum hætti. Þeir, sem reynt hafa, telja útvarpsauglýsingar áhrifamestar allra auglýsinga. Auglýsinga-sími 1095.

### VERKFRÆÐINGUR ÚTVARPSINS

hefur daglega umsjón með útvarpsstöðinni, magnarasal og viðgerðastofu. Sími verkfræðings 4992.

### VIÐGERÐARSTOFAN

annast um hverskonar viðgerðir og breytingar viðtækja, veitir leiðbeiningar fræðslu um not og viðgerðir viðtækja. Sími viðgerðarstofunnar 4995.

### TAKMARKIÐ er:

Útvarpið inn á hvert heimili! Allir landsmenn þurfa að eiga kost á því, að hlusta á æðaslög þjóðlífsins; hjartaslög heimsins.

*Ríkisútvarpið.*



## Samtíð og framtíð . XXII.

ANNA SNORRADÓTTIR UM

**Skipulag brezka útvarpsins**

EINKENNILEGA FÁIR ungir Íslendingar hafa lagt stund á að kynna sér útvarpsrekstur og dagskrárskipan. Hefur það þó komið áþreifanlega í ljós, að mikill skortur er á hæfu fólki til þessara starfa, jafnvel svo, að útvarpið getur ekki framkvæmt ýmsar fyrirætlanir sínar, þó að ráðamenn þess séu allir af vilja gerðir. Þetta þarf að breytast. Við þurfum að eignast dálítinn hóp af ungu fólki, sem þekkir þessa starfsemi og kann að vinna fyrir útvarpið, ekki aðeins að geta flutt sæmileg erindi, lesið upp eða séð eitt sinn um barnatíma, heldur getur stjórnað heilum dagskrárliðum og fært okkur nýja tækni. Það hefur löngum verið sagt, að tækni okkar í dagskrárflutningi sé að mörgu leyti ábótavant, og það mun vera rétt. Við þurfum breytingar á þessu, og þá ekki sízt, þegar nýja útvarpshúsið kemur og útvarpinu skapast þau starfsskilyrði, sem nú standa því svo mjög fyrir þrifum.

Í þættinum Samtíð og framtíð kynnum við fyrir ykkur að þessu sinni einu íslensku stúlkuna, sem starfað hefur við brezka útvarpið, British Broadcasting Corporation — eða BBC — eins og það er kallað í daglegu tali, og kynnt sér rekstur þess og fyrirkomulag og stjórn dagskrárliða, Önnu Snorradóttur á Akureyri.

Anna er fædd 16. september 1920, og því rúmlega 26 ára, dóttir Guð-

*Anna Snorradóttir.*

rúnar Jóhannsdóttur og Snorra Sigfússonar námsstjóra. Hún stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri og varð stúdent frá þeim skóla árið 1942. Hún dvaldi í Danmörku fyrir styrjöldina og slapp með naumindum heim, þegar stríðið brauzt út. Hún fór til Englands í desember 1945 og hóf þegar starf við brezka útvarpið. Vann hún þar samfleytt í átta mánuði og kynnti sér eftir föngum starfsemi þess og fyrirkomulag, en sérstaka stund lagði hún á barnatíma og skólaútvarpið, en brezkir útvarpsmenn standa öllum framar í þessum efnum.

Ég hitti Önnu Snorradóttur að máli fyrir nokkru, þegar hún var á ferð í Reykjavík, og við röbbuðum saman um dvöl hennar í Englandi og



útvarpið hér. Fer samtalið við hana hér á eftir:

„Brezka útvarpið er mikið bákn, stórmerkileg stofnun. Ég fór út með meðmælabréf frá útvarpinu hér heima, og það opnaði mér möguleika til þess að fá að starfa í BBC og kynnast starfsemi þess um átta mánaða skeið. Mér var ákaflega vel tekið af öllum, sem ég leitaði til, og yfirleitt vildu jafnt yfirmenn sem undirmenn gera allt fyrir mig. Ég naut í þessu þjóðernis míns. — Ég mun aldrei sjá eftir þeim tíma, sem ég eyddi í þetta kynningarstarf, því að það var eins og æfintýri. Brezka útvarpsstarfsemin er til húsa í mjög mörgum stórhýsum. Aðalbækistöð þess er í Broadcasting House, en stórhýsi útvarpsins önnur eru víðsvegar um borgina, þar á meðal Brock House, Film House, Rothwell House, Bush House og mörg fleiri, en auk þess er útvarpað úr mörgum leikhúsum, kirkjum og hljómleikasölum. Bretar standa, eins og kunnugt er, flestum þjóðum frammar um allt sem lýtur að útvarpsstarfsemi, bæði tæknislega og menningarlega. Hygg ég, að til þeirra getum við sótt fyrirmyndir að okkar starfsemi, þó að við þyrftum að sjálfsögðu í einu og öllu að miða sérstaklega við okkar aðstæður, því að það er mikill munur að útvarpa til milljónaþjóða og að útvarpa til eitt hundrað þúsunda þjóðar.

Ég lagði stund á að kynna mér allt sem laut að barnatímunum, skólaútvarpinu og flutningi og uppbyggingu „léttari“ þátta. Lögð er mikil áherzla á þessa dagskrárliði, og standa Bretar allra þjóða fremst í

þeim. Það er næstum því eingöngu fullorðið fólk, sem kemur fram í barnatímunum, og börn aldrei, nema þegar um er að ræða afburðabörn, eins og til dæmis í músík og leiklist.

Í þessu sambandi vil ég geta um samtal er ég átti einu sinni við forstöðumann barnatímanna, Derek McCulloch, eða Mac frænda, eins og hann er alltaf nefndur í barnatímunum. Mac frændi er víðfrægur maður fyrir þekkingu sína í barnasálarfræði, og nýtur ákaflega mikils trausts. — Hann er talinn afburða snillingur í skipulagningu ýmissa dagskrárliða, einkum leikrita. Mac frændi sagði við mig: „Hlutverk okkar er, að ala upp góða hlustendur, og þess vegna er aldrei of vel unnið að undirbúningi eða æfingum. Við komum aðeins með það allra bezta sem völ er á fyrir börnin. Við höfum bókstaflega ekki efni á að kasta höndunum að nokkru því, sem ætlað er yngstu hlustendum BBC“.

Auk Macs frænda starfar við þessa deild mikill fjöldi manna og kvenna, sem virðist skilja hlutverk sitt til fullnustu, enda valið með árunum eftir langa reynslu og margvíslega þjálfun, enda er þetta fólk allt búð að ná þvílíkri leikni í starfi sínu, að það er í raun og veru orðið hópur sérfræðinga.

BBC hefur innan vébanda sinna leikfélag, sem í er fjöldi afbragðs listamanna, karla og kvenna á ýmsum aldri. Úr þessum hópi er forstjórum hinna ýmsu deilda heimilt að kalla til starfa fólk til þess að flytja hin ýmsu efni og fara með, undir umsjón leikstjóra þess, er annast þáttinn. — Við hverja út-



sendingu er ennfremur aðstoðarfólk, sem sér um grammófóna, hljóðgerfina (effects) o. s. frv.

Afleiðing hins mikla starfs, sem þar er innt af hendi, og kostgæfninnar í efnisvali og flutningi hefur orðið sú, að barnatímarnir eiga nú ekki aðeins hlustendafjölda meðal barnanna, heldur og á meðal full-orðinna víðs vegar um Bretlands-eyjar.

Við skulum nú athuga lítilsháttar, hvað það er, sem forstjórinn átti við með „því bezta, sem völ er á“, og hvað það er, sem tímar þessir hafa á boðstólum. Yfirgnæfandi á dagskrám barnatímanna eru leikritin. Bæði er hér um að ræða leikrit, sem skrifuð eru sérstaklega fyrir barnatímanna, og sömuleiðis sögur og ævintýri, sem sniðin eru um og gerð að útvarpsleikjum. — Oft eru leikrit þessi langar syrpur, þar sem hvert leikrit er sjálfstætt, en sömu persónur eru í þeim öllum. — Þannig eignast börnin marga góða kunningja, og sumar þessara persóna verða afar vinsælar, sérstaklega meðal yngri barna.

Aðrir leikir eru eins konar framhaldssaga, oft all spennandi, enda ætlaðir eldri börnum.

Til leikritanna er mjög vandað, eins og raunar alls flutnings, og margra uppsetninga minnst ég, sem voru ágæt listaverk. — Þá er nokkuð af ýmiss konar tónlist, en þau „prógröm“ eru aldrei höfð löng né þung, enda er tónlistin fremur notuð til aðstoðar við aðra liði.

Það mætti líka segja, að ýmis önnur efni væru höfð tónlistinni til „aðstoðar“, og þó væri líklega réttast

að kalla það samvinnu milli hinna ýmsu atriða í dagskrá og tónlistarinnar, en sú samvinna gefur hvoru tveggja, bæði efni og tónlist, meira gildi en ella.

Of langt mál yrði að ræða hin fjölmörgu efni og „prógröm“, sem hér koma til greina, en geta skal ég nokkurra til viðbótar.

Ýmiss konar spurningatímar og keppni milli hinna ýmsu landshluta, þar sem börnin eru látin þekkja ýmis hljóð, lög o. fl. þ. h., og látin svara spurningum um ýmis efni, eru afar vinsælir þættir. Þá eru dagskrárliðir um náttúrufræðileg efni, einu sinni í viku hugleiðing um kristileg efni, þættir um ýmis þjóðfélagsmál og málefni, sem ofarlega eru á baugi í það og það skiptið o. s. frv.

Einnig var flutningur á sígildum kveðskap, sem vakti sérstaka athygli mína, þ. e. a. s. ekki kvæðin sjálf, heldur hitt, hvernig farið var að því að láta börnin hlusta á fremur þungt efni, hve ljúffengt það varð í meðferð listamannanna.

Það, sem forstjórinn átti við með „því bezta, sem völ er á“, er í raun réttir ekki efnið sjálft, heldur meðferð þess. Það þýðir ekki endilega eitthvað há-klassískt, því að frá því er oft langur vegur. — Að sjálfsögðu er oft á borð borið margt sígilt verk, sem ætla mætti að væri nokkuð tor-skilið og þungt fyrir hinn unga hlustanda, en það er framreitt á svo ljúffengan hátt, að það biður viðkomandi að hlusta á sig.

Kennsla er þó ekki aðalmarkmið barnatímanna. Þar vinnur skólaútarpið geysi merkilegt starf.

Hlutverk þess og takmark er að



vera skemmtiútlarp, fræðandi af og til, en öll áherzla er lögð á að þroska smekk hlustenda, kenna honum að hlusta og gera greinarmun á góðum flutningi og lélegum.

Það vakti athygli mína, að varla nokkru sinni eru börn látin skemmta í þáttum þessum, og hafði ég eitt sinn orð á því við leikstjóra nokkurn.

Hann sagði mér, að sú skoðun væri almennt ríkjandi nú orðið, að börn ætti ekki að nota til þess, nema um afburða hæfileika væri að ræða.

Það sjónarmið er afar skiljanlegt og auðsætt, þegar um útlarp er að ræða, því að barn eða óþroskaður unglingur er af eðlilegum ástæðum ekki jafnfær fullorðnum til skilnings og flutnings á efnum, sem oft eru æði vandasöm.

Þó eru hér á undantekningar, t. d. í spurningatímum, keppni o. þ. h., og eins ef um söng eða hæfni í hljóðfæraleik er að ræða, eins og ég hef áður sagt.

— Og hvað viljið þér svo segja um okkar eigið útlarp?

Anna hugsar sig dálítið um, en svarar síðan:

„Ég hef mikinn áhuga fyrir útlarpsstarfsemi og hlusta allmikið. Ég hef fylgt sæmilega með útlarpsdagskránni síðan ég kom heim og reyni vitanlega að setja út á og finna að. Mér finnst, að margir liðir séu eyðilagðir með of miklum tilkynningum, þannig að of mikið sé sagt um efnið, sem á að flytja og þá, sem sjá um það. Þá eru það auglýsingarnar sjálfar, sem allt ætla að drepa, en ef til vill er svo dýrt að reka útlarpsstarfsemi meðal svona fámennrar þjóðar, að nauðsyn sé á að taka

þessar auglýsingar, peninganna vegna. — Já, ég vildi gjarnan mega starfa við útlarp. En er nokkurt rúm fyrir mig? Er nokkurt rúm fyrir ungt fólk með nýjar hugmyndir?“ —

— Þér hafið að sjálfsgöðu kynnt ymsum kunnum útlarpsmönnum annarra þjóða?

„Já, þar á meðal helztu mönnum Norðurlandþjóðanna, t. d. Svíanum Svend Jærring, Dananum Joh. G. Sørensen og Norðmanninum Kirana. Ég kynntist þeim meðal annars á hinni miklu friðarhátíð, sem haldin var í London, og auk þess í sambandi við útlarp til Norðurlandþjóðanna, en það fer fram á hverjum degi. — Ég hefði orðið lengur við BBC, hefðu ekki sérstakar ástæður valdið því, að ég varð að fara heim. Ég mun alltaf eiga mínar beztu minningar frá þeim átta mánuðum, sem ég starfaði við BBC.“





# Félag radióamatöra



ÍSLENZKIR RADÍÓAMATÖRAR héldu aðalfund sinn 21. nóv. s. l., og þykir rétt að geta hér þess helzta, er gerðist á fundinum.

Er þá fyrst að telja, að bráðabirgðastjórnin gaf skýrslu um störf sín. Hafði hún skrifað og átt tal við Póst- og símamálastjórn um möguleika fyrir veitingu sendileyfa. Var málinu tekið vel, en Póst- og símamálastjórn vildi leita upplýsinga hjá yfirvöldum nágrannalandanna, áður en endanleg ákvörðun væri tekin um skilyrði fyrir leyfunum. — Standa samningar enn yfir, en nú er væntanlega ekki langt að bíða góðra fréttu.

Því næst lagði laganefnd fram breytingatillögur sínar, og voru löggin endanlega samþykkt í þeirri mynd, sem þau birtast hér:

## L Ö G

### FYRIR FÉLAGIÐ

#### „ÍSLENZKIR RADIOAMATÖRAR“

1. gr. Félagið heitir „Íslenzkir radioamatörar“, skammstafað „Í. R. A.“ (Félagið er hin íslenska deild í IARU og NRAU).

2. gr. Tilgangur félagsins er:

a) Að efla kynningu og samstarf meðal radioáhugamanna, innan lands og utan.

b) Að auka þekkingu félagsmanna á radiotækni og radioviðskiptum.

c) Að koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart opinberum stofnunum, sem um þessi mál fjalla.

3. gr. Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því að halda fræðslu-, umræðu- og skemmtifundi. Ennfremur með því, að beita sér fyrir námskeiðum fyrir væntanlega radioamatöra.

4. gr. Allir íslenzkir radio-áhugamenn geta, að fengnu samþykki stjórnarinnar, gerzt meðlimir félagsins.

5. gr. Brjótí meðlimur í bága við íslenzk eða alþjóðleg lög og reglur, eða með framkomu sinni skaðar hagsmuni félagsins, getur stjórnin tafarlaust vikið honum úr félaginu. Viðkomandi getur þó lagt mál sitt fyrir næsta aðalfund til úrskurðar, og skal greinargerð hans komin til stjórnarinnar minnst átta dögum fyrir næsta aðalfund.

6. gr. Í bæjum eða sveitum, þar sem nægjanleg þátttaka fæst, og heppilegt þykir, geta meðlimir stofnað með sér deildir í þeim tilgangi að halda uppi fræðslustarfsemi o. s. frv. Allar deildir skulu þó vinna sameiginlega að málefnum félagsins. Sér-



hver meðlimur í slíkum deildum skal að sjálfsögðu vera meðlimur, „Íslenzkir radioamatörar“.

7. gr. Fjármál félagsins fer gjaldkeri með, og er fjárhagsárið frá 1. sept. til 31. ágúst.

8. gr. Stjórnina skipa: formaður og 6 meðstjórnendur. Skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur eru kosnir 3 í senn árlega til tveggja ára. Stjórnin skiptir með sér verkum.

9. gr. Aðalfundur skal haldinn í október ár hvert, og skal boða hann með útvarpstilkynningu með minnst 14 daga fyrirvara.

10. gr. Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Formaður gefur skýrslu.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
4. Ræddar framlagðar tillögur.
5. Stjórnarkosning.
6. Kosnir 2 endurskoðendur og 1 til vara.
7. Önnur mál.

11. gr. Stjórnarkosning er leyning. Allar aðrar kosningar mega fara fram með handauppréttingu. Einfaldur meirihluti sker úr um öll algeng mál, en þó þarf tvo þriðju hluta atkvæða til lagabreytinga. — Aðeins skuldlausir meðlimir hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

12. gr. Sérhver meðlimur skal greiða gjöld til félagsins, kr. 2.00 á mánuði, sem greiðist fyrir fram fyrir allt árið. Fyrir hluta úr mánuði greiðist fullt mánaðargjald. — Hver meðlimur skal greiða við inngöngu kr. 10.00, auk hins fasta mánaðargjalds.

## STJÓRNARKOSNING OG FLEIRA.

Þá var Einar Pálsson kosinn formaður með lófataki. Stjórnarkosning fór að öðru leyti þannig: Kosnir voru til tveggja ára: Eiríkur Hagan, Jón Sigurðsson og Stefán Björnsson. Til eins árs voru kosnir: Ingólfur Matthíasson, Jóhann Gíslason og Magnús Jóhannesson. Kjörtímabilinu var breytt þannig frá 8. grein laganna til að koma rétttri röð á kosningarnar framvegis. Þá voru kosnir endurskoðendur þeir Ólafur Þorsteinsson og Árni Sigurðsson, og til vara Bogi Þorsteinsson.

Ennfremur var samþykkt að kjósa ritstjóra og ritnefnd til að annast síður félagsins í Útvarpstíðindum. — Ritstjóri var kosinn Sigurður Halldórsson og í ritnefnd þeir Bogi Þorsteinsson, Ragnar Guðmundss., Árni Egilsson, Árni Sigurðsson og Sigurður Einarsson.

Einnig kom fram tillaga um að kjósa nefnd til að skipuleggja og leiðbeina „hlustara“ amatörum. Var hún samþykkt, og kosnir: Ásgeir Magnússon, Magnús Blöndal, Jón Magnússon, Þorkell Gunnarsson og Sverrir Bergmann.

Í fræðslunefnd voru kjörnir: Ingólfur Matthíasson, Sigurður Þorkelsson, Magnús Magnússon, Guðjón Tómasson og Jón Magnússon.

Fleiri tillögur komu og fram á fundinum, og voru samþykktar t. d. um afgreiðslu QSL korta, merki félagsins, erlendan bréfitara o. fl. Samþykkt var áskorun til stjórnar póst- og símamála um að hraða samningum um starfsemi og skilyrði amötora.



Að lokum var samþykkt að senda fyrstu íslenzku amatörunum, þeim Friðbirni Aðalsteinssyni og Þorsteini Gíslasyni, árnaðaróskir, og þakka þeim brautryðjandastarfið.

Ritstjóri amatörsíðunnar skorar á lesendur, sem hafa áhuga fyrir amatör starfsemi, að skrifa greinar fyrir síðuna, og ennfremur væru uppástungur um greinar, sem lesendur vildu fá, og fyrirspurnir alls konar um amatørstarfsemina „mjög velkomnar. Bréf má senda til Útvarpstíðinda eða beint til ritstjóra, Sigurðar Halldórssonar, Víðimel 35, Reykjavík.

V Y 73.

## Útvarps-

AUGLÝSINGAR og  
TILKYNNINGAR

Afgreiddar frá kl. 9 til 11  
og 16.00 til 18.00 alla virka  
daga.

Sunnudaga og helgidaga  
kl. 11.00—11.30 og 16—17,  
eigi á öðrum tímum.

*Sími 1095.*

## NYIR KAUPENDUR

sem greiða þennan árgang, fá  
síðasta árgang ókeypis.

## Saga Vestmanneyja.

### Merkileg bók og eiguleg

VESTMANNAEYJAR, mesta og frægasta verstöð landsins, umluktar sjó á alla vegu, eyjarnar sem sjást af Kambabrunn, svífa í lausu lofti á sólheitum sumardögum.

Mikið hefur verið talað um Vestmannaeyjar og mikið rætt um þær á vertíðum á undanfórnum öldum, og oft hefur afkoma þjóðarinnar oltið að ekki litlu leyti á því, hvernig vertíðin hefur gefizt í Vestmannaeyjum.

Útvarpstíðindi eiga miklum vinsældum að fagna í Vestmannaeyjum. Þar eru fjölmargir lesendur þeirra, og útbreiðsla þeirra þar fer sífellt vaxandi. Á forsiðu að þessu sinni er fögur mynd frá Vestmannaeyjum, og með þessum orðum viljum við minnast þeirra af sérstöku tilefni.

Út er komin Saga Vestmannaeyja, eftir Sigfús Johnsen, og er Ísafoldarprentsmiðja útgefandi. Þetta er geysimikið rit í tveimur bindum, alls á 8. hundrað blaðsíður að stærð og prýtt gífurlegum fjölda mynda af landsháttum, atvinnuvegum, fornminjum og fólki, sem meira og minna hefur komið við sögu eyjanna. Þetta mun vera einhver hin stærsta bók um hérað, sem enn hefur komið út hér á landi, og hefur höfundurinn, sem er í bezta máta ritfær, unnið að því að semja hana svo árum skiptir.

Í fyrra bindi Sögu Vestmannaeyja er efni skipt þannig: Fyrst er heim-



ildaskrá beggja binda, þá er landfræðileg ágrípslýsing, landnám Vestmannaeyja, kirkja, Vestmannaeyja-prestar, um mormóna, heilbrigðismál og læknar, þingstaðir, sýslumannatal, bæjarstjórn og alþingismenn, þjóðlífslýsingar — og er það framúrskarandi skemmtilegur kafli, samgöngur og fleira, rán í Vestmannaeyjum, vígaferli og róstur, Tyrkjaránið, virki og skans í Vestmannaeyjum, Herfylking Vestmannaeyja, sitt af hverju.

Í síðara bindinu er efni þannig skipt: Vestmannaeyjar verða konungseign, jarða- og bæjaskipun í Vestmannaeyjum frá fyrstu tímum, atvinnuvegir, fiskur og fiskverkun, verzlun og viðskipti, afgjöld og skattar, reki og rekaréttindi, arður, er lendlir menn höfðu af Vestmannaeyjum, yfirlit og niðurstöður, nafnaskrá og myndaskrá.

Eins og menn sjá, er hér um mjög yfirgrípsmikið efni að ræða og geysimikinn fróðleik að fá. Verður að telja, að með þessu verki hafi bæjarfógeti Vestmannaeyinga reist sér sjálfum myndarlegan minnisvarða um leið og hann hefur með þessu mikla verki unnið virðulegt starf í þágu bæjarfélags síns og ættarstöðva. Væri vel, ef fleiri íslenskir embættismenn notuðu þær stundir sem þeir hafa aflögu til fræðiiðkana. Svo var fyrrum, en ber nú minna á en skyldi.

*Sendið Útvarpstíðindum bréf í  
Raddir hlustenda.*



#### LJÓÐABRÉF UM ÚTVARPIÐ.

Það er óvenjulegt að fá ljóðabréf um útvarpið. En eftirfarandi hefur *Egill* sent okkur:

Ei mér líkar útvarpið;  
þar eykst nú moð og sallinn.  
Þó nú sé orðið árgjaldið  
af því — hundrað-kallinn.

Um gjald ei myndum geipa hót,  
ef gæfi það meira í staðinn.  
Menn héldu, að á því yrði bót,  
er yxi tækni og hraðinn.

Þá ósk ég vildi færa fram, —  
að félli að mestu niður:  
Óperettur, garg og glamm;  
þeim gömlu ei þætti miður.

Þó mússík að við metum flest,  
mörgu slíku neitum.  
Harmónika oss — held ég bezt —  
henti í þorpi og sveitum.

Ég alltaf þrái; — og að nú spyr:  
Er fram líða stundir. —  
Hvenær þrumið þið sem fyr —  
þáttinn — „takið undir“?

Ég einnig vona og óska, — skal —,  
að ykkar þróist kraftur:  
Svo þáttinn „Lög og létta-hjal“  
látið koma aftur.

Ljóðelsk því við erum öll,  
af þeim viljum meira.  
Og unglinga, um álfa og tröll,  
allir þrá að heyra.



Ég vil innlend lög og ljóð,  
láta syngja meira, —  
og lýsingar af landi og þjóð  
langar eins að heyra.

En, þegar efni er allra þynnst;  
það ei ég mæli af hroka.  
Mestur kostur mér þá finnst,  
að mega alltaf loka.

Sumt þó láí og lasti frekt  
og líki ei hvernig nytjið.  
Aftur á móti er ýmislegt  
ágætt — sem þið flytjið.

Því gjarnan mætti greina frá,  
en gjöri ei það að sinni.  
Hólið verkar ýmsa á  
illa, — að reynslu minni.

Nú menningar-öld mjög er há.  
Þó mikið af tildri og þrjáli.  
En vöndum flutning allan á  
okkar kæra máli.

Við þulina flesta fellur vel,  
og fleiri, er upp-lesa-viður.  
Þar hverja ég fremsta í flokki tel,  
fús er að segja yður.

Sigurð Nordal met ég mest,  
mjög þó Hjörvar rómi.  
Þeir mæla íslenskt málið bezt,  
mínum eftir dómi.

Eins ég hefi eyru léð  
að ágætt tala letur:  
Ragnar Jóhanns — jafnt með geð,  
Jón frá Múla og Pétur.

Í mannföfnuð ei meira fer —  
og mæli ei fleira að sinni.  
Sannleikann ég sagt hef hér,  
af sannfæringu minni.

#### UM HLUSTUNARSKILYRÐI OG ÝMSA DAGSKRARLÍÐI.

Vopnfirðingur skrifar: „Nokkur orð í  
Raddir hlustenda. Það hefur verið á það  
hlustendur létu eitthvað til sín heyra í  
sambandi við útvarpsefnið. Ég fyrir mitt  
leyti, er þessu hlyntur, og álit, að það

gæti verið ávinningur, að sem flestir  
sendu Röddum línur; á þann hátt feng-  
ist talsvert yfirlit yfir smekk hlustenda  
og óskir. Enda virðist það nú vera nokkuð  
réttmæt krafa, um bætta dagskrá. —  
Þegar tillit er tekið til hins háa afnota-  
gjalds, og svo þegar þar við bætist, að  
þeir útvarpseigendur, sem tæki eiga, sem  
tengd eru við Eyða, heyra ekkert í hálf-  
an mánuð, eins og var í sumar, og eins  
í fyrra, vegna einhverrar bilunar á end-  
urvarpsstöðinni þar. Þegar eigendur við-  
tækja finna inn á það, að tilgangurinn  
er kannske meiri að raka saman fé en að  
láta það styðja hvað annað, hátt afnota-  
gjald og góð dagskrá, þá er víst, að sam-  
hugur verður ekki ríkjandi á milli þeirra  
aðila, er þar eiga hlut að máli. Þetta, að  
truflun sú um sumartímann á efnisflutn-  
ingi, skiptir ekki að vísu miklu máli, að  
öðru en því, að veðurfregnirnar eru sá  
líður, sem flestir vilja heyra, sem skilj-  
anlegt er. Öll afkoma þjóðanna fer eftir  
því, hvernig viðrar fyrst og fremst. —

#### LÖG OG LÉTT HJAL.

Vegna skorts á rafmagni hefur lítið ver-  
ið hægt að heyra á mínu heimili af því  
dagskrárefni, er hið nýja útvarpsráð ber  
á borð fyrir hlustendur. En samkvæmt  
að nokkru eigin heyrn og áliti glöggra  
hlustenda, mun ekki hafa orðið nein  
breyting, svo teljandi sé, nema síður sé,  
þar sem felldur er nú niður þátturinn  
„Lög og létt hjal“. Þó að oft í fyrra væri  
þar efst á baugi marklaust jazzglamur, er  
fáir hafa skemmtun af, og sem betur fer  
færri skilja, þá varð þó þáttur þessi vin-  
sæll í meðferð þeirra Péturs og Jóns, því  
segja má, að allt taki á sig viðfelldinn  
blæ, sem Pétur þulur kemur nærri í út-  
varpi. Græzkulaust gaman, eins og eftir-  
hermur Alfreðs Andréssonar, kemur fólki  
til að brosa; að sönnu er hann ekki að  
sinni nærtækur til að starfa við þennan  
bent í útvarpstíðindum, að rétt væri, að  
þátt, en ósennilegt er, að hinum bráð-  
snjalla leikara Brynjólfi Jóhannessyni,  
svo að einhver sé nefndur, yrði mikið  
fyrir að lesa upp kýmnisögu þannig í  
eftirhermutón, að fólk færi að brosa. —  
Þá er það útvarpssagan. Hún er sú al-



leiðinlegasta, sem ég hef hlustað á enn sem komið er. Vantar þó ekki, að séra Sigurður Einarsson fer vel með allt, sem hann flytur, og þarf ekki að tilfæra neitt sérstakt í því efni, en nefna má hið prýðilega erindi hans í sumar um „starfsemi UNNRA“, bæði vel flutt og fróðlegt. — Ferðasögubættir þeirra Einars Olgeirssonar og Jóns Magnússonar voru afbragðs útvarpsefni, þau voru bæði stórfroðleg og gáfu glögga hugmynd um hið hörmulega ástand, sem í þessum löndum er ríkjandi, og eru því holl íslenzku þjóðinni á þessum velmegunartímum hennar, að varpað sé skýru ljósi yfir þær hörmungar, sem aðrar þjóðir hafa átt við að stríða; það þroskar þá hugsun, að ekki er alltaf sól og vor. — Það er gleðilegt, að ekki var hætt við lestur Sturlungu. Hún er eitt það bezta, sem ég hef heyrt flutt á þessum vetri, enda mun það sönnu næst, að einu gilda megí hvað það er, sem Helgi Hjörvar les, meðferð hans lifgar allt og gerir áheyrilegt, og væri æskilegt, að hann léti sem oftast til sín heyra í útvarpi. — Erindi þau, sem Kvenréttindasambandið flytur, eru oft mjög góð, en eitt það allra bezta var erindi, sem frú Sigriður Björnsdóttir frá Hesti flutti í fyrra vetur. Það erindi var svo þrungíð sannri elsku til alls, sem felst í íslenzku sveitalífi. Á þannig erindi hlusta allir, er unna sveitum landsins sannnælis. — Að sjálfsögðu hefur hér aðeins verið drepíð á fátt eitt, en að lokum skal þessu beint til útvarpsráðs: Hagið dagskrárvali þannig: Látið flytja sem mestan innlendan alþýðlegan fróðleik, úr sögum og ljóðum þjóðarinnar, frá eldri og yngri tímum. Fleiri ferðasögur. Strykið út eitthvað af hljómlistinni, en setjið í þess stað innlendan og erlendan sögulegan fróðleik“.

#### ISLENZKIR SÖNGVAR Í HÁDEGIS- ÚTVARPINU.

Jón Sigfinnsson á Seyðisfirði skrifar: „Ég ætla ekki með þessum fáu línum að deila á rekstur útvarpsins, þó að mér sem fleirum falli ekki að öllu leyti dagskrárliðir þess. Ég ætla mér aðeins að bera fram þá ósk mína, hvort ekki sé

## HAPPDRAETTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Dregið verður í 2. flokki 10.  
febrúar. — Dregnir verða út  
350 vinningar.

Hæsti vinningurinn er 15 þús-  
und krónur.

*Gleymið ekki að endurnýjja.*

**HAPPDRAETTI  
HÁSKÓLA  
ÍSLANDS**



## Smásaga eftir A.J. Alan

## Tilviljun

ÞETTA ER SAGA um tilviljun. Að minnsta kosti kalla ég það tilviljun. Það kann að vera, að þið fallið bók ekki á það.

Gatan, sem ég bý við, er mjög löng og mjög bein. Hún er lögð timbri og vel lýst að kvöldi til. Þess vegna fara bílar, sem framhjá fara að næturlagi, oft mjög hratt. Ég lá þeim það ekki. Það kemur varla fyrir, að þeir vekja mig, nema þeir nemi staðar nálægt húsi mínu.

En fyrir mánuði síðan vildi það þó til. Ég á við, að bíll vakti mig. Hann hlemmdi á öllum hemlum beint fyrir utan gluggann hjá mér og snarstanzði. Þið þekkið gauraganginn, sem því fylgir. Eftir stutta stund hélt hann áfram. Þetta var auðvitað ekkert, enda skeytti ég því lítið. Ég var í svefnrofunum. En tveim mínútum síðar kom það sama fyrir aftur. —

Í þetta sinn var það leigubíll — að minnsta kosti var svo að heyra á hljóðinu. Nærri því á sama blettinum smellti hann á hemlunum með miklum hávaða, og hann nam staðar. Svo hugsa ég, að hann hafi farið nokkra metra aftur á bak, en ég veit það ekki fyrir víst. Hvað sem öðru líður, færði hann sig eitthvað til, og eftir eina eða tvær mínútur hélt hann áfram.

Eins og þið getið ykkur nærri, þá

vakti þetta meira athygli mína í seinna skiptið, og er ég heyrði þriðja bílinn gera slíkt hið sama, fór ég fyrst að brjóta heilann um málið. Þið vitið, hvað maður getur verið sljór um þrjúleytið að nóttu til. Ég sagði við sjálfan mig: „Ó, ég veit, hvað það er — það er það sama og fyrir kom í febrúar síðastliðnum“.

Í febrúar, eða var það janúar? Hvort sem heldur var, þá sprakk vatnsæðin og hola kom í miðja götuna. — Þeir girtu fyrir hana með staurum og rauðum ljóskerum, og á afgirta svæðið settu þeir varðmenn, glóðarker og skýli fyrir vörðinn.

Þetta var auðvitað allt saman gott, en um nóttina kom á dimm þoka, og bílar komu brunandi eftir auðum veginum og sáu ekki ljósin, fyrr en þeir voru nærri komnir á þau, og urðu að stanza snögglega. Þið getið ímyndað ykkur, að varðmaðurinn hypaði sig í hlé með glóðarkerið sitt, er þetta hafði hent nokkrum sinnum.

Og svo hugsaði ég: „Þetta hefur komið fyrir aftur“. En þá sagði ég: „Hvaða vitleysa, það er ágúst — það getur ekki verið nein þoka — svo að ekki er það það. Ég verð að athuga málið“. Svo að ég hypjaði mig fram úr og hallaði mér út um gluggann.

Brátt bar að stóran bíl á fleygi-



ferð, og beint andspænis mér setti hann hemlana á og fór að öllu eins og hinir. Ég gat ekki vel séð, hvar hann hafði numið staðar, af því að tré eru beggja vegna við gluggana hiá mér, en ég hevrði fólkið stíga út úr honum, og andartak var almenn æsing. Svo fór það aftur inn í bílinn, hurð var skellt í lás og ekið áfram.

Þið getið ímyndað ykkur, hve dularfullt þetta var. Ég sagði: „Ég þoli þetta ekki lengur, ég verð að ganga úr skugga um, hvað er um að vera“. Svo að ég fór í morgunskóna og sloppinn (sem var ljósblár og mjög dádur af öllum í húsinu) og hélt niður stigann og út á götuna.

Nóttin var hlý og fögur og fullt tungl. Ég horfði í allar áttir, en ekkert óvanalegt var að sjá, og gatan sýnilega í stakasta lagi. Ég gekk þangað, sem hemlaförin byrjuðu. Þá sá ég orsökina til allra ólátanna. — Tunglsljósið var fremur bjart, og hér um bil fimmtán metrum lengra í burtu kastaði tré eitt skugga fram á götuna. Í þessum skugga lá maður. Bak hans vissi að mér, og fæturnir voru um metra frá gangstéttinni. Hann sýndist vera klæddur í ljósbrún fót — ekki beinlínis köflótt, en þó eitthvað í áttina. Þið sjáið oft stúlkur í kápum úr sams konar efni.

Jæja, ég lagði auðvitað af stað upp götuna í áttina til hans, en þegar ég átti eftir fimm eða sex metra, skeði hið furðulega.

Hann hvarf.

Það er að segja, hann hvarf ekki beinlínis, en ég sá allt í einu, hvað hann í rauninni var. Þetta var óhrjálleg smáviðgerð á götunni — ha —

þið megið ekki dæma mig ranglega. Ég hafði hagað mér fullkomlega eins og engill um kvöldið. Nei, eitthvað hafði sýnilega orðið að aðalvatnsæðinni seinnipartinn. Þeir höfðu komið og gert við pípunar, en ekki unnizt tími til að ganga almennilega frá yfirborðinu. — Þeir höfðu látið sér nægja, að raða tréblokkunum lauslega yfir og barið þær svolítið niður með ... barefli ... og síðan sópað yfir sandi. En sama um það, þetta skapaði hina furðulegustu og fullkomnustu sjónhverfingu. Og til þess að auka enn á fullkommunina, hafði smápappírsblað límzt við götuna, og það glampaði hvítleitt, einmitt þar, sem flibbinn átti að vera.

Jæja, ég var að labba þarna fram og aftur á hinum viðsjárverða stað — það er að segja, þar sem sjónhverfingin blekkti ekki lengur, ef svo mætti segja — og þið getið ekki ímyndað ykkur, hve óhugnanlegt það var ... það er dálítið erfitt að lýsa því. —

Ekki veit ég, hvort þið hafið nokkurn tíma farið í bíó, en þegar ég fór, gat á einum stað að líta fagra mey, sem sat á steinbekk á tjarnarbakka, þar sem sjá mátti vatnaliljur og hvítar álfir, einkar fagurt allt saman, og svo, áður en hægt var að koma upp orði, hafði þetta allt eins og leystst upp, og maður sá inn í lélegt matsöluhús í New York, þar sem frámunalega fráhrindandi náungi var að háma í sig makkarónur.

Jæja, svona var það, og á meðan ég var að gera gælur við þessi áhrif, kom lögregluþjónn fyrir hornið og varð steinhissa yfir að sjá mig þannig til fara svo árla morguns.



Líklega hefur hann sagt við sjálfan sig: „Þarna er vitfirringur á nætur-rölti — í slopp. Ég tek hann fastann — það verður að hafa hendur í hári hans, og ég verð hækkaður í tigninni“.

Hann kom til mín, eins og hálfhikandi, en ég fullvissaði hann og sagði: „Þér skuluð standa hérna og horfa á manninn, sem liggur þarna“. Og hann horfði og sagði: „Nei, nú lízt mér á ...“, og hann flýtti sér upp götuna — augsýnilega ákveðinn í að hirða náungann. En þegar hann hafði farið þrjá eða fjóra metra, kom hann á staðinn, þar sem mis-sýningin hvarf — og þá var mér nú skemmt.

Hann horfði — og nuddaði augun — og horfði aftur. Svo gekk hann að blettinum, sem við hafði verið gert, og skoðaði hann. Jafnskjótt og hann hafði sannfærzt um, að þetta væri ekki mér að kenna, benti ég honum á, hve hættulegt þetta væri, að allir bílar fældust þetta, að leiða kynni af því slys. Og þeir röskuðu svefnró minni á tveggja mínútna fresti. Svo að ég sagði: „Ef þér hinkrið við hérna og aðvarið vegfar- endur, skal ég líta inn til Sir William Horwood í fyrramálið og fá hann til þess að gera yður að undirforingja.“ Og hann sagði: „Ég er undirforingi“. Svo að ég sagði: „Kærið yður aldrei, kannske gerir hann yður að öðrum“. Og ég fór aftur í rúmið.

Um klukkan fjögur heyrði ég háv- aða úti á götunni, svo að ég fór fram úr og horfði út. Þar sá ég undirfor- ingjann minn og umsjónarmann hans dansa fram og aftur — tignar- lega, líkt og sagt er, að valsað hafi

verið í herklæðum til forna — og skemmta sér hið bezta. Ég held, að þeir hafi leikið þetta, þangað til dag- ur rann.

Jæja, daginn eftir komu menn og gerðu betri vegarbót — með steypu og tjöru og þess háttar — og þar við sat.

Þetta var í ágúst. Nú kemur það skrítnasta. Fyrir nákvæmlega hálf- um mánuði, um klukkan eitt að næt- urlagi, heyrði ég sama gamla hávað- ann — bíll setti á hemla í ofsaflyti. Ég var í svefnrofunum og sagði: „Hana nú, svona verður þetta auð- vitað í alla nótt, og ég fæ ekki sofn- að blund“.

En bíll þessi ók ekki áfram, eins og hann hefði átt að gera. Það heyrð- ust raddir og fótatak og bílnum ekið aftur á bak. Almenn æsing. Eftir nokkrar mínútur var ég orðinn for- vitinn og fór aftur út í bláa sloppn- um mínum. Bíllinn hafði numið stað- ar á gamla staðnum. En í þetta sinn var það ekki nein missýning. Þeir höfðu ekið yfir mann, og hann var örendur. Þeir sögðu, að hann hefði gengið af gangstéttinni beint fyrir bílinn.

Og nú kemur tilviljunin. Hann var í ljósbrúnum fötum — ekki beinlínis köflóttum, en þó eitthvað í áttina. Þið sjáið oft stúlkur í kápum úr sams konar efni.

*ILA íslenzkaði.*

#### HAGYRÐINGAR!

Sendið Útvarpstíðindum lausa-  
vísur.







*Innilegustu  
nýársóskir*

*færum  
við  
öllum  
fjær  
og  
nær*

*Viðtækjaverzlun ríkisins*



Úrvalsbækur til skemmtilesturs:

# HEIMILISÚTGÁFAN

hefur göngu sína.

Eitt vinsælasta tímarit landsins, *Heimilisritið*, byrjar bókaútgáfu sína undir nafninu REYFARA-útgáfan með því að bjóða íslenskum lesendum tíu góðar og skemmtilegar skáldsögur eftir heimskunna höfunda.

## 10 bækur 2000 blaðsíður aðeins 100 kr

Ódýrustu bækur, sem fást á bókamarkaðinum. Bækurnar eru mjög vel gefnar út, með fjórlitri kápu og þannig skornar, að þær fara vel í skáp.

## Reyfara-bækur

byrja að koma út í þessum mánuði.

Fimm fyrstu bækurnar eru að verða tilbúnar:

FLÆKINGAR, eftir *Jack London*.

Í AFKIMA, eftir *Somerset Maugham*.

GULA BANDIÐ, eftir *Edgar Wallace*.

FYRSTA NÓTTIN, eftir *Prokosch*.

LÁTUM DROTTINN DÆMA, eftir *B. A. Williams*.

Tvær síðustu bækurnar voru metsölubækur víða um heim í fyrra, og hin síðastnefnda var sýnd hér sem kvikmynd í haust, og náði þá mjög miklum vinsældum.

*Allir, sem unna lestri góðra skáldsagna, verða að eignast REYFARA-bækurnar.*

## BÓKAÚTGÁFA HEIMILISRITSINS

BOX 263.

Garðastræti 17, Aðalstræti 18,

Njálsgötu 64, Laugavegi 100.

Undirrit.... óska að gerast fastur áskrifandi að Reyfaranum og greiði hverja bók með kr. 10,00, auk burðargjalds.

Nafn .....

Heimili .....

HEIMILISRITIÐ — Box 263, Reykjavík.



*Enn ein nýjung frá HELGAFELLI:*

## NÝIR PENNAR

Flokkur skáldverka og ljóðabóka eftir unga, íslenska höfunda, suma óþekkta, aðra þegar vel kunna. Fyrstu tíu verkin koma út innan skamms, og verða aðeins seld áskrifendum. Þau kosta öll kr. 175,00, og eru hin fegurstu. Koma tvær bækur á mánuði, ein skáldsaga og ein ljóðabók.

FYRSTU TÍU VERKIN VERÐA ÞESSI:

*Ingvi Jóhannesson: SKÝJAROF, ljóð.*

*Jón Björnsson: HEIÐUR ÆTTARINNAR, skáldsaga.*

*Jón frá Ljárskógum: GAMLAR SYNDIR OG NÝJAR, ljóð.*

*Sigurður Gröndal: DANSað Í BJÖRTU, skáldsaga.*

*Heiðrekur Guðmundsson: ARFUR ÖREIGANS, ljóð.*

*Oddný Guðmundsdóttir: VELTIÁR, skáldsaga.*

*Benedikt Gíslason frá Hofteigi: VIÐ VÖTNIN STRÖNG, ljóð.*

*Eliás Mar: EFTIR ÖRSTUTTAN LEIK, skáldsaga.*

*Bragi Sigurjónsson: HVER ER KOMINN ÚTI? ljóð.*

*Óskar Aðalsteinn: ÞEIR BRENNANDI BRUNNAR, skáldsaga.*

Helgafell boðar hér til skáldapings, þar sem fyrst og fremst koma saman hin yngri skáld. Öllum lesendum bókanna verður gefinn kostur á að taka þátt í umræðum um hina ungu höfunda og verk þeirra. Verður í hverri bók hins nýja flokks eyðublað, þar sem lesendur geta látið í ljós skoðanir sínar á verkunum og höfundum þeirra, og sent þau síðan til forlagsins. Eyðublöðin verða tölusett, og sendendum þeirra gefnar ókeypis 10 næstu bækur flokksins.

**Kynnigt hinum yngri rithöfundum**

**Þjóðarinnar. — Eignigt góðar og ódýrar bækur:**

**NÝJA PENNA**

Tekið á móti áskrifendum hjá öllum bóksölum og umboðsmönnum Helgafells — og

**HELGAFELLI**

Garðastræti 17, Aðalstræti 18,  
Njálsgötu 64, Laugavegi 100.



# *Iceland and the Icelanders*

er tilvalin gjöf til kunningja og viðskiftavina erlendis



HELGI P. BRIEM HEFUR  
SÉÐ UM ÚTGÁFUNA  
OG SAMIÐ ÍTARLEGA  
LÝSINGU Á LANDI  
OG ÞJÓÐ

*Bókaverzlun Ísafoldar*



VIKAN 2. — 8. FEBRÚAR.

SUNNUDAGUR 2. FEBRÚAR.

- 11.00 Messa í Dómkirkjunni.  
13.15 Dagskrá Sambands bindindisfélaga í skólum. — Ræður og söngur.  
14.00—16.25 Miðdegistónleikar (plötur):  
a) Klarinett-kvintett eftir Brahms.  
b) Septett eftir Saint-Saëns.  
c) 15.00 Óperan „Fedora“ eftir Giordano.  
18.30 Barnatími.  
19.25 Tónleikar: „Dánareyjan“ eftir Rachmaninoff (plötur).  
20.20 Einleikur á píanó (Fritz Weishappell).  
20.35 Erindi: Árnasafn (Jakob Benedikts son magister).  
21.00 Tónamessa eftir Bach (dr. Páll Isólfsson).  
22.05 Danslög til kl. 23.00.

MANUDAGUR 3. FEBRÚAR.

- 20.30 Erindi.  
20.50 Lög leikin á sitar (plötur).  
21.00 Um daginn og veginn (Jón Helgason blaðamaður).  
21.20 Útvarpshljómsveitin: Rússnesk alþýðulög. — Einsöngur: Birgir Halldórsson).  
21.50 Lög leikin á orgel (plötur).

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR.

- 20.35 Tónleikar Tónlistarskólans.  
20.45 Erindi: Saga Færeyja, IV (Vilhjálmur P. Gíslason).  
21.15 Smásaga vikunnar (Guðmundur Daniélsson).  
21.45 Spurningar og svör um islenzkt mál (Bjarni Vilhjálmsson).  
22.05 Djassþáttur (Jón M. Árnason).

MIÐVIKUDAGUR 5. FEBRÚAR.

- 20.30 Kvöldvaka:  
a) Gíls Guðmundsson ritstjóri: Danmerkurfærð um aldamótin. — Frásögubáttur.  
b) Kvæði kvöldvökunnar.  
c) Lárus Rist sundkennari: Úr endurminningum (dr. Broddi Jóhannesson).  
d) .....

FIMMTUDAGUR 6. FEBRÚAR.

- 20.20 Útvarpshljómsveitin (Þórarinn Guðmundsson stjórnar):  
a) Lagaflokkur eftir Ed. German.  
b) Valse-Bluette eftir R. Drigo.  
20.45 Lestur fornrita: Þættir úr Sturlungu (Helgi Hjörvar).  
21.15 Dagskrá kvenna.  
21.40 Frá útlöndum (Jón Magnússon).

FÖSTUDAGUR 7. FEBRÚAR.

- 20.30 Útvarpssagan: „Í stórræðum vorhugans“, XIV (séra Sigurður Einarsson).  
21.00 Píánókvartertett útvarpsins: Píánókvartertett í E-s-dúr eftir Mozart.  
21.15 Ljóðþáttur (Vilhjálmur P. Gíslason).  
21.40 Norðurlandasöngmenn (plötur).  
22.00 Symfóníutónleikar (plötur):  
a) Píánókoncert í f-moll eftir Bach  
b) Concerto grosso í h-moll eftir Händel.  
c) Symfónía í B-dúr eftir Mozart.

LAUGARDAGUR 8. FEBRÚAR.

- 20.30 Leikrit: „Heilög Jóhanna“ eftir Bernard Shaw. (Leikstjóri: Arndís Björnsdóttir).  
22.30 Fréttir.  
22.40 Danslög.  
24.00 Dagskrárlök.



TVÆR STÖKUR.

Knútur Þorsteinsson sendir þessar stökur:

*Í fannkomu.*

Hylur fönninn hlið og rein,  
hriðin róminn brýnir.  
Auða hvergi eiga grein  
yndis þrestir mínir.

*Við að raka sig.*

Ég alraka skegg mitt, svo oft sem ber,  
og ilmvötnum nudda um vanga.  
Því fjandinn má vita, nær öruggt það er,  
með ómjúkan kjaftinn að ganga.



# Sindur

## ORÐSENDING.

Útvarpstíðindi vilja mælast til þess við lesendur sína, sem kynnu að eiga í förum sínum lausavísur um menn, sem koma fram í útvarpinu, eða um efni, sem þar er flutt, að senda blaðinu þær. Þó að sjálfsögðu sé það æskilegast, að vísurnar séu vel gerðar, má þó gjarnan birta þær, þó að þær kunni að vera með einhverjum smíðagöllum.

## V. Þ. G.

Jökull Pétursson sendir eftirfarandi: „Ég var í fyrra velur að vinna í húsi einu við Grundarstíginn, í nokkra daga. Bar þá Vilhjálmi Þ oft fyrir augu mér, því að skóli hans er við þessa götu. Þá varð þetta til:

Gengur um Grundarstíginn  
— í guðsfriði — Vilhjálmi Þ.  
Ekki er hann axlasiginn,  
allur er maðurinn tíginn,  
en svipurinn frjáls og forn.

Lætur sá lofts um geima,  
ljósvakans bárum á,  
fróðleikinn frá sér streyma  
— fjandi er hann víða heima;  
veröld það vita má.

## VERKAMAÐUR.

Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum segir:  
Verður smátt um vörn og hlíf,  
vindar kaldir blaka  
þeim, sem áttu allt sitt líf  
undir skóflu og haka.

## LÝÐRÆÐIÐ HENGIR.

Ennfremur segir Gísli:  
Ýmsa lengir eftir frið,  
okurs- gengur vopnað -lið.  
Trúar þrengist sóknar svið,  
seka hengir lýðræðið.

## NOKKRAR TÆKIFÆRISVÍSUR. Egill sendir eftirfarandi:

### Á rangri hillu:

Menn, sem flytja stað úr stað,  
og stöðvast hvergi geta,  
þeir eiga flestir fáa að, —  
en fæstir rétt þá meta.

### Ekki er allt sem sýnist.

Þó virðist sumra viðmót kalt,  
að vinum skalt þá gera, —  
heldur en þá, sem innra allt,  
utan á sér bera.

### Um vor.

Fögrum rómi fossinn hlær;  
frjóvgast blóm og moldin.  
Árdagsljóma á loftið slær.  
Leyst úr dróma' er „Foldin“.

### Í hrið.

Stormur þyrlast, þýtur sær,  
þara- á brýtur -djúpi.  
Maður líta móður fær —  
mold í hvítum hjúpi.

### Þegar stytli upp.

Um má skrafa, að guð þó gaf  
geislar stafa á leiðir.  
Sunnu vafið sólartraf  
sig um hafið breiðir.

## MÆÐULOK.

### S. D. sendir eftirfarandi:

Gunnar sagði: „Gyða,  
gef mér brennivín.  
Augun í mér iða,  
elskan mín!“

Gyða sagði: „Gunnar,  
gef mér kálfsskrokkinn.  
Biðja barnamunnar,  
bóndi minn!“

Sáttum fullum sættust,  
sálar léttist ok.  
Munnar þeirra mættust.  
Mæðulok!

